

Til Sveitarstjórnar Djúpavogshrepps

Okkur hér á Múla barst svarbréf frá sveitarstjórn þann 8.1 2020 sem var svarbréf við bréfi frá okkur sem tekið var til efnismeðferðar þann 14.11 2019. Ekki voru við allskostar sátt við svörin. Í upphafi vil ég áréttta það að hross eru líka búpeningur (beitarpeningur) **Búnaðarlögin I. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **1. gr. Skilgreiningar. 3. Búfé er hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auk þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker [ráðherra] úr þeim ágreiningi.** Hrossabændur eru líka fullgildir bændur (þeba er og var með búfræðipróf í hrossarækt frá Hólum á þessum tíma sem Djúpavogsshreppur lagði bann við lausagöngu hrossa í högum). Meira segja vorum við boðin velkomin í Búnaðarfélag Álftafjarðar þegar við fluttum að Múla. Varðandi það að hreppsnefndin teli sig ekki hafa bannað okkur að nota landið okkar þá bera að geta þess að ógerningur er að girða Múlalandið inni dal af, það vita allir sem vilja vita (það er nú eitt af því sem sauðfjáreigendur bera fyrir sig varðandi lausagöngu sauðfjár, ógjörningur er að girða heilu jarðirnar af). Að vísu girtum við af hól inni dal en margir af þeim sem töldu sig eiga erindi um dalinn fannst ekki tilefni til að loka hliðum á eftir sér svo það endaði með því að áinn tók hluta girðingarinnar með sér og líka hluta vegarins um dalinn. Ef menn gefa sér tíma til að lesa niður **Lög um afréttarmálefni 1986 nr.6.21** þá kemur glögglega í ljós að þessi lög eru líka um hross og er þau meiri segja nokkrum sinnum nefnd á nafn í lögnum. Svo við stöndum við fyrri fullyrðingu um að okkur hafi verið meinað að nýta landið okkar í lögum um afréttamálefni frá árinu 1986 nr. 6 21.mars V kafli 39.gr. En nú viljum við eigendur Múla 1 óska formlega eftir að sveitarstjórn aflétti af okkur þessu banni um lausagöngu hrossa í högum (ekki við þjóðveg). Til vara að sveitarstjórn geri Múla 1 Jörðina undanþegna fjallskilum meðan ekki er haldið sauðfé á Múla 1, ef sveitarstjórn vill ekki aflétta af okkur þessum atvinnu og nýtingarhömlum. Það ætti að vera jafn auðvelt að taka af og á setja. Svo viljum við að sveitarstjórn Djúpavogshrepps rökstyðji ástæðu bannsins ef hreppsnefnd telur sér ekki fært að aflétta banninu og hversvegna bannið nái ekki til alls búpenings. Ég gleymdi að geta þess í fyrra bréfi að við höfðum samband við þáverandi hreppsnefnd árið 1999 sem við töldum okkar samherja (bændur) og lýstum okkar skoðun á þessum gjörningi. Kaldar voru kveðjurnar. Svona að lokum má geta þess að á þessum tíma, 1999, vorum við þau einu hérna á svæðinu sem vorum sannarlega hrossabændur og þess vegna höfum við aldrei skilið hver tilgangurinn með þessari aðför að okkur var því ekki voru hross á þeim tíma algeng né mörg frekar en nú í Djúpavogshreppi.

Fyrir hönd eigenda Múla.1

Guðmundur Einar Skagalín Traustason